



Menntaskólinn á Ísafirði

www.misa.is

Erindi til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Ísafirði, 11. október 2018

Þann 26. mars sl. sendi Menntaskólinn á Ísafirði beiðni til sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum, um stuðning við afreksíþróttasvið við skólann. Stjórnendur Ísafjarðarbæjar tóku jákvætt í beiðnina á fundi sem haldinn var í kjölfarið en óskuðu jafnframt eftir formlegu erindi vegna þessa.

Þess er hér með farið á leit við Ísafjarðarbæ að sveitarfélagið geri, ásamt Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi, samning til þriggja ára við Menntaskólann á Ísafirði um stuðning við afreksíþróttasvið skólans. Í samningnum sem fylgir hér með sem viðauki, leggja sveitarfélögin starfseminni til styrk að upphæð 2.500.000 krónum á ári sem greiðist hlutfallslega eftir íbúafjölda sveitarfélaganna. Einnig óskar skólinn eftir fleiri tímum á morgnanna í íþróttahúsinu á Torfnesi án þess að leiga MÍ verði hækkuð.

Með vinsemd og virðingu,


Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari